

Skýrslur Félags héraðsskjalavarða á Íslandi II

SKJÖL ÍPRÓTTAFÉLAGA
Í HÉRAÐSSKJALASÖFNUM Á ÍSLANDI



Apríl 2013

Útgefandi: Félag héraðsskjalavarða á Íslandi

Samantekt og ritstjórn. Hrafn Sveinbjarnarson

Umbrot: Gunnar Marel Hinriksson

Skjalasöfn íþróttafélaga í héraðsskjalasöfnum á Íslandi

Efnisyfirlit:

Inngangur	5
1. Héraðsskjalasafn Neskaupstaðar (Skjala- og myndasafn Norðfjarðar)	11
2. Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu	12
3. Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja	15
4. Héraðsskjalasafn Árnesinga	18
5. Héraðsskjalasafn Kópavogs	26
6. Borgarskjalasafn Reykjavíkur	33
7. Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar	48
8. Héraðsskjalasafn Akraneskaupstaðar	49
9. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar	53
10. Héraðsskjalasafn Dalasýslu	62
11. Héraðsskjalasafn Ísfirðinga	69
12. Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu	70
13. Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu	71
14. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	72
15. Héraðsskjalasafnið á Akureyri	74
16. Héraðsskjalasafn Þingeyinga	90

Inngangur

Um átaksverkefni um skjöl íþróttafélaga og skjöl tengd íþróttaiðkun á vegum Félags héraðsskjalavarða á Íslandi

Héraðsskjalasöfnin

Á Íslandi starfa 20 héraðsskjalasöfn á vegum þeirra sveitarfélaga er að þeim standa. Þau starfa skv. lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands og reglugerð nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn.

Héraðsskjalasöfnin gegna lykilhlutverki í skjalavörslu sveitarfélaga og stofnana þeirra, en þeim er skylt að afhenda öll skjöl sín til varðveislu viðeigandi héraðsskjalasafni.¹ Einnig gegna þau lykilhlutverki við varðveislu og vörslu skjalasafna fyrirtækja, félaga og einstaklinga um land allt, hvert í sínu umdæmi.

Stundum virðist lítið á skjöl sem svo sjálfsögð að þau séu einhvern veginn alltaf fyrir hendi. Af sjálfsdáðum aðgengileg eftir dyntum, duttlungum og þörfum manna. Vegna slíkra ranghugmynda grípa menn ósjaldan í tóm t þegar finna á til eitthvað til að byggja á við sagnaritun eða rannsóknir.

Mikilvægustu skjöl glatast sem ómerkasta rusl ef andvaraleysi gagnvart mikilvægi skjalasafna og skjalavörslu fær að ríkja óáreitt við dagleg störf fólks. Meðvitund almennings um mikilvægi skjala og skjalavörslu er nauðsynleg forsenda réttarríkis og opins borgaralegs þjóðfélags.

Skjöl, skv. innihaldi sínu og því samhengi sem þau eru varðveitt í tryggja réttindi, hjálpa við að halda endurminningum óbrengruðum og eru efniviður sagnfræðinga og sagnaritara, með öllu því sem þessu fylgir, t.d. að vera innblástur listamönnum og margt fleira. Skjöl eru samofin menningu Íslendinga eins og annarra vestrænna menningarþjóða.

Átaksverkefni um íþróttaskjöl

Íþrotta- og Ólympíusamband Íslands fagnaði 100 ára afmæli sínu árið 2012. Af því tilefni stóðu sambandið og Félag héraðsskjalavarða á Íslandi fyrir átaksverkefni um söfnun og skráningu á skjölum íþróttafélaga og íþróttatengdum skjölum, sem hófst hinn 18. apríl 2012 með sameiginlegum blaðamannafundi ÍSÍ og Félags héraðsskjalavarða í Borgarskjalasafni Reykjavíkur. Tengiliður ÍSÍ vegna verkefnisins var Hjördís Guðmundsdóttir verkefnisstjóri.

Starfsemi íþróttafélaga og íþróttaiðkun er mikilvægur þáttur í íslensku menningarlífi.²

1 Gagnvart sveitarfélögum sem ekki standa að héraðsskjalasafni gegnir Þjóðskjalasafn Íslands hlutverki héraðsskjalasafns. Þau sveitarfélög sem svo er ástatt um eru: Árneshreppur, Bæjarhreppur, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Tálknafjarðarhreppur, Vesturbyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær, Stykkishólmsbær, Kjósarhreppur, Seltjarnarneskaupstaður, Garðabær, Grindavíkurbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Álftanes, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar.

2 Uppruna allrar frjálsrar félagshreyfingar á Íslandi má rekja til sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar á 19. og 20. öld og gildir það jafnt um íþróttafélög sem önnur félög. Eitt elsta íslenska félag sem heimildir eru um, stúdentafélagið Sakir í Kaupmannahöfn, hafði ákvæði í lögum sínum frá árinu 1760 um að haldnir skyldu leikar tvisvar á sumri á Amager eyju og er það líklega elsta heimild um reglulegt íþróttamótshald Íslendinga. Fjöldi rita og greina um sögu íþróttahreyfingarinnar og íþróttaiðkunar auk leiðbeininga um íþróttaiðkun frá ýmsum tímum er til á prenti. Þetta eru fjölbreytileg félög, stundum með víðtækara hlutverk eins og ungmennafélög, stundum ná þau til margra íþróttagreina og eru deildskipt eftir þeim og stundum eru þau bundin við einstakar íþróttagreinar eða afmarkaða hópa (t.d. konur, samstarfsmenn á vinnustað o.s.frv.) Þau mynda bandalög og sambönd héraðsbundin og á landsvísu. Lög og samþykktir

Slík félög starfa um allt land og þótti því vel fara á því að láta þriðja átaksverkefni Félags héraðsskjalavarða til hvatningar þess að skjöl verði afhent héraðsskjalasöfnum snúast um ípróttafélög.³ Mikilvæg forsenda fyrir því að hægt sé að rita ípróttasögu er að skjöl um hana hafi varðveist. Í skjalasöfnum ípróttafélaga felst vitnisburður um starfsemi þeirra í frumheimildum; hvaða hugsjónir voru að baki, um baráttu, þrotlausar æfingar til að ná árangri, töp og glæsta sigra, dugnað og elju einstaklinga við uppbyggingu félaganna, oft í ólaunuðu sjálfboðaliðastarfi. Mikilvægt er að skjalasöfn ípróttafélaganna glatist ekki, heldur séu varðveitt tryggilega og aðgengilega á skjalasöfnum landsins.

Með áttakinu tóku ípróttahreyfingin og héraðsskjalasöfnin höndum saman og hvöttu bæði forsvarsmenn ípróttafélaga, ípróttahéraða og þá sem hafa unnið í ípróttahreyfingunni að líta upp á háloft eða í kassann í kjallaranum og koma því á réttan stað.

Í 21. tölulið 4. greinar reglugerðar um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 er kveðið á um að héraðsskjalasöfnin skulu m.a. varðveita skjalasöfn „íprótt- og ungmennafélaga.“ og er vísað til ákvæðis 5. greinar laga um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 um afhendingarskyldu. Ípróttafélög eru ekki afhendingarskyld um skjöl sín til héraðsskjalasafna nema þau „njóti verulega styrks af opinberu fé“. Ekki eru endilega öll ípróttafélög í þeirri stöðu. Reglugerðin hnykkir því einkum á skyldum héraðsskjalasafnanna til varðveislu skjalasafna ípróttafélaga fremur en að fela í sér almenna skyldu ípróttafélaga til að afhenda skjöl sín þangað. Hvatningin er skýr og ákvæðið tryggir skjalasöfnum ípróttafélaga öruggan vörslustað í héraðsskjalasöfnunum.

Norrænn skjaladagur er ár hvert haldinn hátíðlegur af skjalasöfnum á öllum Norðurlöndunum, á Íslandi af Þjóðskjalasafni Íslands og héraðsskjalasöfnunum. Bar hann upp á 10. nóvember 2012. Þar sem héraðsskjalasöfnin höfðu þá unnið að átaksverkefninu um ípróttafélög þótti tilvalið að gera þau og ípróttaiðkun að viðfangsefni dagsins. M.a. voru gefnir út sögukaflar um ípróttafélög og ípróttaiðkun á sérstökum vef skjaladagsins á netinu, en einnig á vef Félags héraðsskjalavarða.

Íprótt- og Ólympíusamband Íslands studdi Félag héraðsskjalavarða í átaksverkefninu m.a. með aðstoð við að ná til forsvarsmanna félaganna og eru því færðar bestu þakkir. Fjallað var um átakið í fjölmiðlum. Þótt áttakinu hafi lokið formlega í febrúar 2013 þá munu skjalasöfn ípróttafélaga berast héraðsskjalasöfnunum áfram og mörg félög hafa þegar, í sambandi við átakið, boðað afhendingu skjala sinna.

Fyrir utan góðan afrakstur átaksins í afhendingu skjala, sem búast má við að muni verða meiri á næstu mánuðum og árum, má draga nokkra lærdóma af því sem héraðsskjalaverðir urðu áskynja meðan á því stóð og velta ýmsu fyrir sér um skjalasöfn frjálsra félagasamtaka og stöðu skjalavörslustofnana á Íslandi.

Um skjalavörslu ípróttafélaga

Hver fjöldi ípróttafélaga sem starfar eða hefur starfað í umdæmi hvers héraðsskjalasafns liggur ekki fyrir hér enda erfitt að ná slíku yfirliti saman, þótt vísbending felist í starfandi

félaganna hafa ósjaldan verið prentuð. Einnig hafa verið útgefin sérstök tímarit og handbækur á þeirra vegum. Ekki er þess kostur að vísa nákvæmlega til alls þessa hér og full þörf væri fyrir íslenska ritaskrá yfir rit um ípróttafélög og ípróttaiðkun. Skjalasöfn margra þessara féлага eru varðveitt í héraðsskjalasöfnunum eins og sjá má á þessari skrá.

3 Fyrsta átaksverkefnið fjallaði um félög og samtök kvenna og stóð apríl-nóvember 2009 og var það í samstarfi við Kvenfélagasamband Íslands. Annað átaksverkefnið fjallar um skjöl sóknarnefnda og hófst 3. febrúar 2010 í samstarfi við Biskup Íslands, dregist hefur að ljúka því, en það er fyrirhugað á þessu ári.

aðildarfélögum ÍSÍ og UMFÍ. Tilraun til að telja upp helstu félögin er gerð í hverjum kafla þessarar skýrslu, en með þeim fyrirvara að yfirlitin eru ekki fullkomin. Allar leiðréttingar og viðbætur eru velkomnar og vert að beina þeim til viðeigandi héraðsskjalasafns. Erfitt er að bera saman héraðsskjalasöfnin sem eru ólík að stærð og aðbúnaði og meta frammistöðu þeirra og árangur. Veltur þetta mjög á héraðsskjalavörðunum, staðbundinni aðstöðu þeirra, vinnuálagi og áhuga. Ljóst er að án héraðsskjalasafnanna væri ýmislegt glatað eða óaðgengilegt af þessum skjölum.

Blikur eru á lofti þar sem almenn áhersla er orðin meiri á óskjalfestar upplýsingar í stað eiginlegra skjala í starfsemi frjálsra félagasamtaka. Þessi þróun helst í hendur við þróun í opinbera geiranum og hjá fyrirtækjum. Tölvuvæðing hefur víða einkennst af skammtímahugsun og fyrirhyggjuleysi ekki síst með tilliti til gildis og endingar gagna. Sýndarmennska af ótta við að sýnast úreltur eða á eftir í tækni hefur oftast en ekki verið á kostnað skjalaöryggis og er viðbúið að afleiðingar þess verði alvarlegar og viðtækar. Upplýsingum hefur víða verið komið fyrir á hverfulu og skammlífu formi í stað hins stöðugra og endingarbetra pappírforms. Hið rafræna form er þjálpt og vinnsluvænt en hverfult og ekki fallið til langtíma vörslu og sönnunar eða staðfestingar. Rafræn gögn eru ósjálfstæð og hafa því hverfandi lítið réttargildi á við skriflega gjörninga á pappír. Gildir einu hvaða yfirlýsingar um gildi óstöðugra og hverfulla gagna eru gefnar út, þau halda áfram að vera óstöðug og hverful þrátt fyrir þær. Þau eru einnig óáreiðanlegri sem sögulegur vitnisburður. Varðveisla hefðbundinna skjala á pappír hefur reynst gloppótt og hætt er við að gögn á hverfulla formi muni varðveitast mun verr. Þetta er mikið áhyggjuefni skjalavarða um allan heim.

Rafræn varðveisla á gögnum frá félagasamtökum og einstaklingum er of kostnaðarsöm til að vera framkvæmanleg. Slíka gagnavarðveislu yrði að skipuleggja fyrirfram og hafa stöðugt í huga jafnframt því sem gögn væru mynduð. Vafasamt er að það sé mögulegt fyrir frjáls félagasamtök sem hafa uppi fjölbreytilega starfsemi sem ekki er niðurnjörvuð og fastbundin með löngum fyrirvara og auk þess fjármögnuð án digurra sjóða og gjöfilla tekjulinda.

Það vekur nokkrar áhyggjur að færsla fundargerðabóka virðist á undanhaldi í félagasamtökum á Íslandi og að bréfleg samskipti fara nú að miklu leyti fram í gegnum tölvupóst. Reikningshald er víða á tölvuformi, en ekki fært í bækur eins og áður. Úrslit íþróttamóta eru víðsvegar dreifð á hinum ýmsu tölvum. Oft er þetta án þess að hugsað sé til þess að vitnisburðurinn þurfi að varðveitast og hafa staðfestingargildi um ákvarðanir og atburði til langframa. Hætt er við að þessi gögn glatist í einkatölvum þess fólks sem gegnir ábyrgðarstöðum fyrir félagasamtökin eða þyki svo ófýsileg og óárennileg útlits í útprentun að duglegt þrifnaðarfólk slyssist til að taka þau til handargagns og dengi þeim í næstu ruslafötu.

Sjaldan hefur verið meiri nauðsyn en nú á því að færa í lög og samþykktir félagasamtaka ákvæði um skjalagerð, skjalavörslu og frágang skjalasafna.

T.d. ákvæði um:

1. Að einn stjórnarmaður/starfsmaður gegni hlutverki skjalavarðar félagsins og framfylgi sem slíkur samþykktum félagsins um skjalavörslu þess. Hann skili svo skjölunum til eftirmanns síns með formlegum hætti við stjórnarskipti eða þegar hann lætur af störfum, t.d. á fundi og það sé þá bókað í gerðabók félagsins með innfærslu skilagreinar eða tilvísun til hennar.

2. Að fundargerðir séu ritaðar skipulega á réttan hátt í gerðabók og allar ályktanir og

samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar skv. gildum fundarsköpum og með gildum undirskriftum. Séu þær skráðar í tölvu skal fært í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær hann var haldinn, fundarslit og blaðsíðufjöldi útprentaðrar fundargerðar. Skal tölvufærð fundargerð prentuð út með blaðsíðutölum í réttri töluröð og dagsetningu á hverri blaðsíðu (t.d. á fyrstu síðunni: 23. desember 2009 1/3, á annarri síðunni: 23. desember 2009 2/3 og á síðustu síðunni: 23. desember 2009 3/3) undirrituð af fundarmönnum og skal formaður og ritari færa upphafsstafi sína undir hverja af fremri blaðsíðu fundargerðarinnar. Fundargerðirnar skal svo varðveita með gerðabókinni.

3. Að félagaskrá liðins árs sé prentuð út fyrir aðalfund, staðfest með undirritun ábyrgðarmanns og lögð í skjalasafn félagsins.

4. Að bókhaldsdagbók (hreyfingalisti) hvers reikningsárs sé prentuð út (t.d. fyrir aðalfund) og staðfest með undirritun gjaldkera.

5. Að eigin útgáfa félagsins í einu til tveimur eintökum, sem ekki yrðu til daglegrar notkunar, sé varðveitt á einum stað í skjalasafni félagsins.

6. Að önnur skjöl t.d. ljósmyndir, mótabækur, úrslitalistar o.fl. séu varðveitt í skjalasafninu.

Gott skjalahald skiptir jafn miklu máli og gott fjárhagsbókhald í félagsstarfi. Það er allra hagur.

Um skrána

Skrá þessi er saman tekin úr upplýsingum frá hverju héraðsskjalasafni fyrir sig, sem um sumt eru samræmdar.

Íþróttatengd skjöl eru víðar en í skjalasöfnum íþróttafélaga og íþróttamanna og ber þar vafalaust hæst deildir og embætti þeirra sem sinna íþróttamálum og rekstri íþróttamannvirkja á vegum sveitarfélaganna, þetta eru íþróttafulltrúar, íþróttadeildir, íþróttahús, sundlaugar o.fl. Skjöl þessara opinberu stofnana og starfsmanna eru varðveitt í héraðsskjalasöfnunum, en eru ekki rakin í skránum hér. Þær skrár ná til skjalasafna íþróttafélaga og einstaklinga er tengjast íþróttastarfsemi. Afmörkun íþróttafélaga⁴ kann að vera erfitt skilgreiningar og hefur hverju héraðsskjalasafni verið látið eftir að ákveða hvað það setur hér í skrána. Íþróttir er hægt að stunda í keppni, sem tómsfundagaman, til heilsubótar og þjálfunar líkama og sálar og sem grundvöll félagslífs. Hér hafa menn t.d. talið skák og bridge til íþróttar. Stundum krefjast íþróttir tækjabúnaðar, skíði, skautar og siglingaíþróttir eru dæmi um það og stundum er búnaðurinn umfangsmeiri eins og við svífflug og bifreiðakeppnir. Íþróttir eru hér túlkaðar í víðum skilningi.

Með skjalasöfnum af öðrum uppruna en beint frá íþróttafélögum hefur stundum borist slæðingur af skjölum þeim tengdum og jafnvel úr skjalasöfnum þeirra og er þess ekki getið sérstaklega hér í þessum skráum nema um nokkurt magn eða mikilvæg skjöl sé að ræða. Hér eru því einkum talin skjöl sem afhent hafa verið beinlínis sem skjalasafn eða hluti skjalasafns þess íþróttafélags sem um ræðir hverju sinni. Héraðsskjalasöfnin kunna því að geta veitt nánari fyrirgreiðslu um skjöl er tengjast íþróttum. Að þessu leyti er skráin ekki tæmandi.

4 Í norðurlandamálum hafa menn notað orðin idrott og sport og reynt að greina þar á milli, þetta hefur reynt erfitt og hugtökin skarast (sport hefur verið túlkað sem leikir, keppni og afþreying oft með hjálpartækjum (t.d. bílar og hestar) og þá léttari afþreying, en idrott sem æfingar sem fela í sér líkamshreyfingu til að ná hæfni, heilsubót, afþreyingu og keppni og þá alvarlegri iðkun jafnvel atvinnumennska). Slíkt gengur tæplega upp á íslensku.

Þetta er fyrsta sinni sem ráðist er í gerð svona skrár og er þess vænst að hugsanlegum villum, skekkjum og vöntunum verði sýndur skilningur. Leiðréttingar og viðbætur eru vel þegnar og bent á að þeim skal beint til viðeigandi héraðsskjalavarðar. Mörg skjalasöfnin eru skráð nánar þar sem þau eru varðveitt en fram kemur í þessari skrá og áhugasömum um ýtarlegri upplýsingar er bent á að hafa samband við það héraðsskjalasafn er í hlut á.

Aðgengi að skjölunum er að jafnaði frjálst, en sumt kann eftir atvikum að vera bundið trúnaði.

Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Egilsstöðum, Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga, Skógum, Héraðsskjalasafn Siglufjarðar og Héraðsskjalasafn Svarfdæla, Dalvík skiluðu ekki upplýsingum um skjalasöfn íþróttafélaga fyrir þessa skýrslu.

Loks skal hnykkt á því að viðbúið er að fleiri skjalasöfn íþróttafélaga bætist í héraðsskjalasöfnin á næstu mánuðum og árum.

Kópavogi í febrúar 2013
Hrafn Sveinbjarnarson, héraðsskjalavörður Kópavogs

1. Héraðsskjalasafn Neskaupstaðar (Skjala- og myndasafn Norðfjarðar), stofnað 1979

Ungmennafélagið Egill rauði.

1915-1991. 0,016 hm. Gerðabækur, félagatal, ræður, bréf, samningar o.fl. Vorboði, útgáfa félagsins.

2. Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu, Höfn, stofnað 1965

Skjöl Ípróttafélaga í Héraðsskjalasafni Austur-Skaftafellssýslu

Alls: 5,44 hillumetrar. Í áttakinu: 0,19 hillumetrar

Ungmennafélagið Sindri, Höfn, stofnað 01.12. 1934.

Alls: 0,41 hillumetrar. Í áttakinu: 0,03 hillumetrar.

Afhending 1986: 0,05 hillumetri

Fundagerðarbækur 1934-1981

Afhending 1999: 0,26 hillumetrar

Félagsblaðið Leiftur 1936-1946

Bréf, skýrslur ofl. 1945-1967

Bókhald (slitrótt) 1945-60

Afhending 2001: 0,07 hillumetrar

Mótaskrár 1987-1995

Bréf 1968-1978

Afhending 2012: 0,03 hillumetrar

Fundagerðarbók 1981-1995

Ljósmyndir

Ungmennafélagið Máni, Nesjum, stofnað 27.01. 1907.

Alls: 0,12 hillumetrar. Í áttakinu 0,02 hillumetrar.

Afhending 1987: 0,1 hillumetri

Fundagerðarbækur 1907-1933

Gjaldkerabækur 1909-1932

Skýrslur og bréf 1930-1932

Afhending 2011: 0,02 hillumetrar

Fundagerðarbók 1948-1977

Ungmennafélagið Valur, Mýrum, stofnað 27.01. 1909.

Alls: 0,1 hillumetri.

Afhending 1987: 0,08 hillumetrar

Fundagerðarbækur 1910-1947

Bók með félagatali 1910-1925

Bréf 1910-1947

Afhending 2001: 0,02 hillumetrar

Bók með fundagerðum stofnársins 1909

Ungmennafélagið Vísir, Suðursveit, stofnað 08.04. 1912.

Alls: 0,07 hillumetrar.

Afhending 2004: 0,07 hillumetrar

Fundagerðarbækur 1912-1957

Bókhald 1931-1934

Ungmennafélagið Framtíðin, Örfum, stofnað 1911, starfaði til 1921.

Alls: 0,02 hillumetrar.

Afhending 1987: 0,02 hillumetrar

Fundagerðarbók 1911-1921

Ungmennafélag Örfinga, stofnað 26.02. 1933.

Alls: 0,05 hillumetrar

Afhending 2001: 0,05 hillumetrar

Fundagerðarbækur 1933-1945

Hestamannafélagið Hornfirðingur, stofnað 17. 05. 1936.

Alls: 0,22 hillumetrar. Í átakinu: 0,14 hillumetrar.

Afhending 2003: 0,8 hillumetrar

Reikningar 1975-1977

Afhending 2012: 0,14 hillumetrar (bíður skráningar)

Fundagerðarbækur 1936-2004

Fundagerðarbók ritnefndar um sögu hornfirska hestsins (Jódynur)

Kaupsamningur v. Lands undir aðstöðu félagsins

Skýrslur og nokkur bréf

Handrit að nokkrum greinum í Jódyn

Taflfélagið riddari 1939-1951

Alls: 0,03 hillumetrar

Afhending 1987: 0,03 hillumetrar

Fundagerðar og mótsbækur 1939-1951

Briddsfélag Hornafjarðar (óvíst stofnár)

Alls: 0,12 hillumetrar.

Afhending 2005: 0,12 hillumetrar

Mótaskrár, skýrslur og bréf 1992-1994

Reikningar 1992-1994

Ungmennasambandið Úlfjótur (USÚ), stofnað 28. 05. 1932.

(Afhendingarnar innihalda einnig gögn frá aðildarfélögunum sem áður eru talin, einnig þeim sem engu hafa skilað til Héraðsskjalasafnsins, s.s. **Ungmennafélagið Hvöt** í Lóni (stofnað 27.07. 1930 nú óvirkt), **Skotfélag Austur Skaftafellssýslu** (stofnað 21.10. 1984) **Akstursíþróttafélagi Austur-Skaftafellssýslu** (stofnað 18.01. 2007) og **Golfklúbbi Hornafjarðar** (stofnað 16.10. 1971).

Alls 4,3 hillumetrar.

Afhending 1987: 1,0 hillumetri

Fundagerðabækur 1932-1976

Úrslit íþróttamóta 1942-1975

Ársskýrslur 1952-1975

Bókhald (stopult) 1932-1975

Afrekaskrár

Ráðstefnugögn 1956-1975

Bréf 1932-1975

Afhending 1999: 1,5 hillumetrar

Fundagerðarbók 1977-1979

Úrslit íþróttamóta 1976-1990

Ársskýrslur 1950-1990

Fréttabréf 1975-1995

Bókhald 1976-1995

Afrekaskrár

Verðlaunaskjöl

Ráðstefnugögn 1976-1995

Bréf 1976-1990

Afhending 2005: 1,8 hillumetrar

Fundagerðir vélritaðar 1980-1998

Úrslit íþróttamóta 1990-1998

Bréf 1991-1998

Ársskýrslur 1991-1997

Fréttabréf 1996-1998

Ársrit 1996-1007

Bókhald 1996-1999

Afrekaskrár

Ráðsstefnugögn 1996-1998

Myndbönd frá íþróttamótum 1989.

Ljósmyndir

3. Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja, stofnað 1980

Umdæmi þess er Vestmannaeyjabær. Í umdæminu hafa starfað og starfa eftirtalin íþróttafélög (og deildir innan ÍBV) svo kunnugt sé um (í stafrófsröð):

Badmintonfélag Vestmannaeyja

Bifreiða- og mótörhjólaklúbbur Vestmannaeyja, stofnaður 1978

Bridgefélag Vestmannaeyja

Fimleikafélagið Rán, stofnað 29. nóvember 1998

Frjálsíþróttafélag ÍBV, stofnað í september 2012 (áður Ungmennafélagið Óðinn)

Golfklúbbur Vestmannaeyja, stofnaður 4. desember 1938

Handknattleiksráð ÍBV, stofnað 1986

Hnefaleikadeild ÍBV

Hökkífélagið Jakarnir, stofnað 24. febrúar 2003

ÍBV-íþróttafélag (Íþróttafélag Vestmannaeyja), stofnað 1996

Íþróttabandalag Vestmannaeyja, stofnað 6. maí 1945

Aðildarfélög: Badmintonfélag Vestmannaeyja

Fimleikafélagið Rán

Golfklúbbur Vestmannaeyja

ÍBV-íþróttafélag

Íþróttafélagið Ægir

KFS

Körfuknattleiksfélag ÍBV

Sundfélag ÍBV

Frjálsíþróttafélag ÍBV

Íþróttafélag lögreglumanna

Íþróttafélagið Framherji, stofnað 1990 (lék undir nafninu Amor til 1993)

Íþróttafélagið Þór, stofnað 9. september 1913 – sameinað ÍBV 1996

(Saga félagsins er í ritun nú á 100 ára afmælisárinu, eftir að vinnunni við skrifin lýkur mun stórt skjalasafn Þórs frá 1913-1996 verða afhent skjalasafninu til varðveislu))

Íþrótt- og hestamannafélagið Gáski

Íþróttaráð Vestmannaeyja, stofnað 1929 - 1945

Karatefélag Vestmannaeyja, stofnað 1976

KFS (Íþróttafélagið Framherji / Knattspyrnufélagið Smástund), stofnað 7. september 1997

Knattspyrnudómarafélag Vestmannaeyja (KDV), síðar Dómarafélag Vestmannaeyja, stofnað 1959

Knattspyrnufélag Vestmannaeyja, stofnað 1903 – 1945

Ein ritara- og fundargerðabók 1916-1920

Knattspyrnufélagið Smástund, stofnað 1990

Knattspyrnufélagið Týr, stofnað 4. maí 1921 – sameinað ÍBV 1996

Fjórar fundargerðabækur, 1921-1941, 1971-1996

Fundargerðabók aðalfundar 1969-1995

Fundargerðabók heiðursmerkjanefndar 1921-1996

Fundarsköp, lög, stjórn

Ársskýrslur / Ársreikningar

Saga Knattspyrnufélagsins Týs, eftir Birgi Þór Baldvinsson

Ljósmyndir, ljósrit af skýrslum og fundargerðum, ásamt ýmsum öðrum gögnum vegna ritunar bókarinnar *Saga Knattspyrnufélagsins Týs*

Knattspyrnuráð (deild) ÍBV-íþróttafélags

Knattspyrnuráð kvenna

Kvennadeild ÍBV íþróttafélags

Körfuknattleiksfélag Vestmannaeyja, stofnað 2006

Sjóstangaveiðifélag Vestmannaeyja, stofnað 1962

Skotfélag Vestmannaeyja, stofnað 1974

Sundfélag ÍBV, stofnað 1977

Skjöl stjórnar (Aðalfundir-Félagsfundir)

Lög Sundfélags ÍBV

Reglugerðir / Samningar / Æfingaskrár / Mætingaskrár

Skráðir sundmenn / millitímar

Fréttabréf Sundfélags ÍBV

Afrekaskrá karla (spjaldskrá)

Afrekaskrá kvenna (spjaldskrá)

Bréfasafn Sunddeildar ÍBV

Sundþjálfun – Sundþjálfarar – Leiðbeiningar – Námskeið

Innanhússmeistaramót Íslands í Vestmannaeyjum 1994-2002

Sundmótaskrár 1977-2004

Ársskýrslur 1978-2006

Ársreikningar 1986-2003

Fjárhagsáætlanir 1997-1998

Efnahags- og rekstrarreikningar 1986-1996

Reikningar 2001-2003

Félagsgjöld

Taflfélag Vestmannaeyja, stofnað 1926

Þrjár fundargerðabækur

Reikningar, skákmót, skákþing, skákdæmi, æfingar og minnisgreinar

Tennis- og badmintonfélag Vestmannaeyja, stofnað 14. september 1958

Unglingaráð ÍBV ípróttafélags
Ungmennafélag Vestmannaeyja, stofnað 1907 – 1914

Ungmennafélag Vestmannaeyja, stofnað 1927 – 1929

Fundargerðabók Ungmennafélags Vestmannaeyja 1927-1929
Lögbók Ungmennafélags Vestmannaeyja (og fundarsköp)
Viðveruskrá og fundarsókn 1927-1928
Gestaskrá Ungmennafélags Vestmannaeyja 1927-1929
Höfuðbók, sjóðsbók og lög Ungmennafélags Vestmannaeyja 1927-1928
Herjólfur. Handskrifað blað, nr. 8

Ungmennafélagið Óðinn, stofnað 6. mars 1989 – 2012

Vélahjólaiþróttafélag Vestmannaeyja

Ægir, ípróttafélag fatlaðra, stofnað 12. desember 1988

Alls hafa fimm ípróttafélög afhent skjöl á Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja. Það er því mikil vinna framundan við innheimtu og frágang skjala. Eins og sést af upptalningu ípróttafélaga í Eyjum, þá er af nógu að taka í framtíðarsöfnunarmálum.

Skjalasöfn ípróttafélaga í Héraðsskjalasafni Vestmannaeyja

Knattspyrnufélag Vestmannaeyja	alls 0,10 hillumetrar
Knattspyrnufélagið Týr	alls 1,0 hillumetrar
Sundfélag ÍBV	alls 0,50 hillumetrar
Taflfélag Vestmannaeyja	alls 0,20 hillumetrar
Ungmennafélag Vestmannaeyja	alls 0,20 hillumetrar

4. Héraðsskjalasafn Árneseinga, Selfossi, stofnað 1985

Umdæmi þess er Sveitarfélagið Árborg, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Sveitarfélagið Ölfus. Sveitarfélögin voru 18 þegar mest var: Biskupstungnahreppur, Eyrarbakkahreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Gnúpverjahreppur, Grafningshreppur, Grímsneshreppur, Hraungerðishreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðishreppur, Laugardalshreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Selvogshreppur, Skeiðahreppur, Stokkseyrarhreppur, Villingaholtshreppur, Þingvallasveit og Ölfushreppur.

84 afhendingar frá 21 ípróttafélagi, alls 23,4 hm. Fjórar afhendingar hafa borist skjalasafninu í tengslum við átakið, alls 0,19 hm. Fleiri félög hafa boðað afhendingu skjala.

Golfklúbbur Selfoss, stofnaður 24. janúar 1971, skjöl frá árunum 1997 og 1999. (0,03 hm).

Afhending 2006/55. 0,03 hillumetrar.

Ársskýrslur.

Hestamannafélagið Logi, Biskupstungum, stofnað 22. febrúar 1959, skjöl frá árunum 1959–2008. (0,16 hm).

Afhending 2007/26. 0,08 hillumetrar.

Bréf, drög að ársskýrslum o.fl.

Afhending 2011/74, 18. október 2011, 0,08 hillumetrar.

Fundargerðarbækur, 1959-2008.

Hestamannafélagið Sleipnir, Selfossi, stofnað 12. júní 1929, skjöl frá árunum 1929–2102. (1,09 hm).

Afhending 1991/22, 0,08 hillumetrar.

Gjörðarbækur og fleira.

Afhending 2012/24, 11. apríl 2012. 1,00 hillumetrar.

A – Fundargerðir, reglugerðir og félagatal 1980-2005.

B – Möppur stjórnar 1971–2000.

C – Bókhald 1930–2004.

D – Reiðhöll 2009.

E – Þinggerðir, mótskrár og útgefið efni 1951–2006.

F – Hestamannamót 1975–2000.

Afhending 2012/33, 7. júní 2012. 0,01 hillumetrar.

Ljósmyndir á geisladisk frá hópreið og vígslu reiðhallar Sleipnis á Selfossi 26.5.2012.

Hestamannafélagið Smári, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, stofnað 1. mars 1945, skjöl frá árunum 1944–2004. (0,58 hm).

Afhending 2011/63, 15. september 2011. 0,58 hillumetrar.

- A – Fundargerðir og þinggögn 1951–2003.
- B – Ársskýrslur og ársreikningar 1945–1997.
- C – Bréf o.fl. 1944–1996.
- D – Samstarfsverkefni 1964–2004.
- E – Annað 1977–1997, m.a. ljósmyndir o.fl.

Héraðssambandið Skarphéðinn, stofnað 14. maí 1910, skjöl frá árunum 1911–2008. (13,81 hm).

Afhending 1988/3. 0,16 hillumetrar.

Reikningabók, mótabækur, ársskýrslur o.fl.

Afhending 1995/10. 0,88 hillumetrar.

Bréfabækur, reikningar, gjörðabækur o.fl.

Afhending 2007/56. 2,48 hillumetrar.

Bréf, úrslit, skýrslur o.fl. v / frjálsra íþrotta, körfubolta, sunds og knattspyrnu.

Afhending 2008/43, 28. maí 2008. 0,50 hillumetrar.

Úrslit íþróttamóta, greinargerðir, skýrslur o.fl.

Afhending 2009/30, 27. mars 2009. 0,03 hillumetrar.

Gjörðabók Íþróttasambandsins Skarphéðins.

Afhending 2010/25, 29. mars 2010. 0,18 hillumetrar.

Útgefin blöð, fréttabréf og skýrslur.

Afhending 2010/86, 25. október 2010. 9,50 hillumetrar.

A – Yfirstjórn 1961–2007.

B – Bréf 1944–2008.

C – Bókhalld 1982–2005.

D – Nefndir og ráð 1980–2008.

E – Landsmót 1967–2006.

F – Útihátíðir 1983–1989.

G – Útgefið efni 1961–2007.

H – Annað 1965–2007.

Afhending 2011/17, 14. mars 2011. 0,05 hillumetrar.

Eigið prentað efni og prentað efni frá aðildarfélögum HSK.

Afhending 2011/55, 15. ágúst 2011. 0,03 hillumetrar.

Svarhvít ljósmynd á pappír af körfuknattleiksliði HSK frá árinu 1966.

Íþróttafélagið Hamar, Hveragerði, stofnað 1992, skjöl frá árunum 1992–2011. (0,11 hm).

Afhending 2012/48, 30. ágúst 2012 og viðbót 28. október 2012. 0,03 hillumetrar.

Útgefið efni knattspyrnudeildar Hamars 2006–2011.

Afhending 1013/1, 0,08 hillumetrar.

1. Hátíðadagskrá Hamars 17. júní 1992, 1997 og 1998.

2. Ársskýrsla / ársreikningur Hamars 1994, 1995 og 1997.

3. Fáni íþróttafélagsins Hamars (borðfáni), stofnað 1992.

Ungmennafélagið Baldur Hraungerðishreppi, stofnað í Hraungerði 8. júní 1908, skjöl frá árunum 1908–2009. (0,42 hm).

Afhending 1990/1. 0,16 hillumetrar.

1. Huginn, félagsblað Baldurs, 1910–1916, 1935–1951 og 1975–1993.

2. Fundargjörðarbækur 1908–1946, nafnaskrá 1927–1943 og lög og reglur félagsins.

Afhending 1995/11. 0,08 hillumetrar.

Reikningar, gjörðarbækur o.fl.

Afhending 2007/36. 0,03 hillumetrar.

Sparisjóðsbók.

Afhending 2009/1. 0,03 hillumetrar.

Ljósmynd af félagsmönnum við Tryggvatré í Þrastarskógi, sennilega árið 1910.

Einnig fylgdu með allar þekktar upplýsingar um þá sem á myndinni eru.

Afhending 2009/7, 24. apríl 2009. 0,03 hillumetrar.

Söfnun og skráning örnefna jarða í Hraungerðishreppi.

Afhending 2009/29, 27. mars 2009. 0,03 hillumetrar.

Lög, fundasköp og reglugerðir Umf. Baldurs 1930. Lög, fundasköp, reglugerðir og félagatal 1927–1993.

Afhending 2010/19, 5. mars 2010. 0,03 hillumetrar.

Samningur um eignarétt Umf. Baldurs á Einbúa.

Afhending 2012/4, 17. janúar 2012. 0,03 hillumetrar.

Ársskýrsla Umf. Baldurs 1932 og tvö minnisblöð tengd ársskýrslunni.

Ungmennafélag Biskupstungna, stofnað á Vatnsleysu sumardaginn fyrsta 23. apríl 1908, skjöl frá árunum 1908–2011. (1,64 hm).

Afhending 1995/49. 0,24 hillumetrar.

A – Gjörðabækur 1908–1920, 1928–1934 og 1941–1975.

B – Félagsbl. Baldur 1931–1944 og 1953–1966 o.fl.

C – Skýrslur og reikningar 1913–1974.

D – Bergþór 1. – 3. árg. 1963, 1966 og 1968.

Afhending 2005/10, 0,08 hillumetrar.

Rekstrarreikningur Umf. Biskupstungna, sölubúðar og ípróttavallar 1988–1989.

Afhending 2005/38, 0,08 hillumetrar.

Ársskýrsla ípróttadeildar Umf. Biskupstungna 2001, fylgisskjöl ársreiknings 1986–1989.

Afhending 2005/40, 0,08 hillumetrar.

Myndmót úr *Inn til fjalla*. Rit félags Biskupstungnamanna í Reykjavík 3. Bindi af 3. (Reykjavík, 1966).

Afhending 2006/18. 0,03 hillumetrar.

Ársskýrsla ípróttadeildar Umf. Biskupstungna 2006.

Afhending 2007/53. 0,03 hillumetrar.

Ársskýrsla Umf. Biskupstungna 2006.

Afhending 2008/6, 17. janúar 2008. 0,03 hillumetrar.

Ársskýrsla ípróttadeildar Umf. Biskupstungna.

Afhending 2010/2, 18. janúar 2010. 0,01 hillumetri.

Ársskýrsla Umf. Biskupstungna 2008.

Afhending 2011/78, 1. nóvember 2011. 1,06 hillumetrar.

Blönduð gögn frá Umf. Biskupstungna sem Arnór Karlsson var með hjá sér vegna undirbúnings fyrir skrif um sögu félagsins.

Ungmennafélag Eyrarbakka, stofnað 4. febrúar 1908. Skjöl frá árunum 1908–1986. (0,44 hm).

Afhending 1991/35. 0,08 hillumetrar.

Gestabók Ungmennafélags Eyrarbakka 1971–1986.

Afhending 1996/20. 0,24 hillumetrar.

Gjörðabækur, Geisli (blað félagsins), félagaskrá o.fl.

Afhending 2002/47. 0,04 hillumetrar.

Gjörðabækur.

Afhending 2005/8. 0,08 hillumetrar.

Ársreikningar, fylgiskjöl o.fl.

Ungmennafélag Gnúpverja, stofnað 21. apríl 1908. Skjöl frá árunum 1908–1999. (0,73 hm).

Afhending 1993/56. 0,08 hillumetrar.

Gnúpverjinn: blað félagsins. 12 tölublöð, 1977–1992.

Afhending 2009/26. 0,11 hillumetrar.

Gnúpverjinn. 1. Árg. Bl. 1-6 og 1936–1957 (slitur).

Afhending 2009/26, 2. apríl 2009. 0,18 hillumetrar.

A – Fundargerðarbækur 1908–1919.

B – Bréf, skýrslur, reikningar og fylgiskjöl 1908–1919.

C – Útgefið efni.

Afhending 2009/27, 2. apríl 2009. 0,35 hillumetrar.

Fundargerðarbækur, félagatöl, reikningabók o.fl.

Ungmennafélag Hrunamanna, stofnað 17. apríl 1908. Skjöl frá árunum 1908–2005. (0,15 hillumetrar).

Afhending 1993/36, 0,03 hillumetrar.

Heimir, blað Ungmennafélags Hrunamanna 1957–1959.

Afhending 2003/28, 0,03 hillumetrar.

Fundargerðarbækur, ungmennafélagsblaðið Njáll frá 1908 o.fl.

Afhending 2006/35. 0,03 hillumetrar.

Sundkennsluskýrslur Umf. Hrunamanna í lítilli stílabók.

Afhending 2010/99, 7. desember 2010. 0,03 hillumetrar.

Höfuðbók Umf. Hrunamanna 1908–1921.

Afhending 2012/1, 5. janúar 2012. 0,03 hillumetrar.

Fundargerðarbók framkvæmdaráðs Umf. Hrunamanna 1993–2005.

Ungmennafélag Hveragerðis og Ölfus. Skjöl frá árunum 1935–1991. (0,28 hm)

Afhending 1991/3. 0,08 hillumetrar.

Keðjan, félagsblað félagsins, gjörðarbækur o.fl.

Afhending 1997/11, 0,06 hillumetrar.

Sundmót Ægis 1970–1976, gögn frá knattspyrnudeild o.fl.

Afhending 1997/45, 0,08 hillumetrar.

Blönduð gögn.

Afhending 2001/45, 0,03 hillumetrar.

Gögn frá knattspyrnudeild.

Afhending 2009/24, 0,03 hillumetrar.

Ljósmynd af knattspyrnumönnum frá Hveragerði. Líklega 1968–1972.

Ungmennafélagið Hvöt, Grímsnes- og Grafningshreppi, stofnað 22. desember 1907. Skjöl frá árunum 1909–1986. (0,39 hm).

Afhending 1996/3. 0,06 hillumetrar.

Ármann, blað félagsins, 1. árg. 3. tbl. jan. 1909.

Afhending 2004/37. 0,08 hillumetrar.

Ljósvali rit UMFH, lög, félagatal o.fl.

Afhending 2007/19. 0,03 hillumetrar.

Ýmis bréf frá 1910 og fréttabréf Umf. Hvatar, 7 fyrstu tölublöðin.

Afhending 2008/8, 8. febrúar 2008. 0,12 hillumetrar.

Ræður, gerðabækur, lagabækur o.fl.

Afhending 2009/20, 5. mars 2009. 0,05 hillumetrar.

Skýrslur, skrár og bókhaldsgögn.

Afhending 2010/89, 2. nóvember 2010. 0,05 hillumetrar.

Fundargerðarbók Hvatar 1909–1914 og bók með handskrifaða félagsblaðinu Vonin 1913–1915.

Ungmennafélag Laugdæla, stofnað á Laugarvatni 5. mars 1908. Skjöl frá árunum 1908–2006. (0,19 hm).

Afhending 1992/32. 0,08 hillumetrar.

Gjörðabók Umf. Laugdæla 1908–1926, gögn varðandi Laugarvatnsbúið o.fl.

Afhending 1994/23. 0,08 hillumetrar.

Gjörðabók félagsins 1968–1979, Laugdælingur o.fl.

Afhending 2012/65, 24. október 2012. 0,03 hillumetrar.

Fundargerðarbók stjórnar 1979–2006.

Ungmennafélagið Samhygð, stofnað í Gaulverjabæjarkirkju 7. júní 1908. Skjöl frá árunum 1908–2006. (0,79 hm)

Afhending 1994/15. 0,32 hillumetrar.

Fundargerðarbækur, lög, félagatöl, ársskýrslur o.fl.

Afhending 1999/27. 0,03 hillumetrar.

1. Gjörðabók félagsins 1960–1971

2. Gjörðabók málfunda veturinn 1968–1966.

3. Lausar fundargerðir málfunda 1950.

4. Ein fundargerð taflfélags ódagsett.

Afhending 2009/28, 27. mars 2009. 0,06 hillumetrar.

Ræða, mótabók o.fl.

Afhending 2009/33, 24. júní 2009. 0,03 hillumetrar.

Handrit Jóhannesar Árnasonar frá Gegnishólaparti varðandi undirbúning að byggingu Félagslundar.

Afhending 2009/44, 17. ágúst 2009. 0,03 hillumetrar.

Bókaskrá bókasafns Samhygðar.

Afhending 2011/65, 16. september 2011. 0,32 hillumetrar.

Leikritasafn.

Ungmennafélag Sandvíkuhrepps, stofnað 1912. Hætt störfum 1928. Skjöl frá árunum 1912–1925. (0,08 hm)

Afhending 1991/41, 0,08 hillumetrar.

Bragi (handskrifað blað félagsins), fundargjörðarbækur o.fl.

Ungmennafélag Selfoss, stofnað 1. júní 1936. Skjöl frá árunum 1978–2011. (1,53 hm).

Afhending 1994/36, 0,40 hillumetrar.

Gjörðabækur, ársskýrslur o.fl.

Afhending 1994/37, 0,24 hillumetrar.

Lög, ársskýrslur, fundargerðir o.fl.

Afhending 1995/32, 0,03 hillumetrar.

Fundargerðir Sunddeildar 1983–1992.

Afhending 2003/60. 0,75 hillumetrar.

Skýrslur um notkun íþróttahúss, ársskýrslur o.fl.

Afhending 2011/37, 17. maí 2011. 0,03 hillumetrar.

Blaðaúrklippur, fundargerðir o.fl.

Afhending 2011/40, 23. maí 2011. 0,05 hillumetrar.

Skýrslur v/Grýlupottahlaups 1969–1987.

Afhending 2011/42, 1. júní 2011. 0,03 hillumetrar.

Hátíðarblaðið Bragi – 75 ára afmælisútgáfa.

Ungmennafélagið Skarphéðinn Ölfushreppi, stofnað 8. janúar 1911 á Kotströnd í Ölfusi. Lagt niður 30. nóvember 1934. Skjöl frá árunum 1911–1918. (0,08 hm).

Afhending 1997/45. 0,08 hillumetrar.

Fundargerðarbók.

Ungmennafélag Skeiðamanna, stofnað 24. maí 1908 í þinghúsinu í Húsatóftum. Skjöl frá árunum 1908–2010. (0,47 hm).

Afhending 2010/33, 23. apríl 2010. 0,44 hillumetrar.

A – Fundargerðarbækur 1908–1966.

B – Útgefið efni 1909–2010.

C – Gjaldkera- og kassabækur 1918–1974.

D – Ýmislegt 1931–2008.

Viðbót: 11 fréttabréf 1984–1988.

Afhending 1010/9, 16. júní 2010. 0,03 hillumetrar.

Uppdrættir af ípróttavöllum við Brautarholt og Þjórsárholt 1948–1951.

Ungmennafélag Stokkseyrar, stofnað í Templarahúsinu hjá Vinaminni 15. mars 1908. Skjöl frá árunum 1909–1984. (0,19 hm).

Afhending 1988/5, 3. janúar 1988. 0,03 hillumetrar.

Viðverubók o.fl.

Afhending 1999/22. 0,08 hillumetrar.

Þór, málagn Umf. Stokkseyrar.

Afhending 2010/27, 30. mars 2010. 0,08 hillumetrar.

A – Fundargerðarbækur 1915–1961.

B – Bréf 1948–1949.

Ungmennafélagið Vaka, Flóahreppi, stofnað 19. júlí 1936. Skjöl frá árunum 1936–2006. (0,24 hm).

Afhending 1992/33. 0,08 hillumetrar.

Gjörðabækur, félagatal o.fl.

Afhending 2011/56, 15. ágúst 2011. 0,16 hillumetrar.

Félagsblaðið Velvakandi, ársreikningabók o.fl.

Listi yfir ípróttafélög innan starfssvæðis Héraðsskjalasafns Árnesinga sem ekki hafa afhent skjöl til skjalasafnsins. Alls 36 félög,

Akstursípróttafélag Hreppakappa, Hrunamannahreppi, stofnað 19. maí 2007.

Fótboltafélag Eyrarbakka – Stofnað 1913, ekki vitað hvernær það var lagt niður.

Golfklúbbur Ásatúns, Hrunamannahreppi, stofnaður 9. júlí 2005.

Golfklúbburinn Dalbúi, Laugarvatni, stofnaður 1989.

Golfklúbburinn Flúðir, Hrunamannahreppi, stofnaður 1985.

Golfklúbburinn Geysir, Haukadal, stofnaður 2006.

Golfklúbbur Hveragerðis, stofnaður 21. júní 1993.

Golfklúbburinn Kiðjaberg, Grímsnes- og Grafningshreppi, stofnaður 6. apríl 1993.

Golfklúbburinn Tuddi, Úthlíð Biskupstungum, stofnaður 22. desember 2008.

Golfklúbburinn Úthlíð, Biskupstungum, stofnaður 1993.

Golfklúbbur Þorlákshafnar, stofnaður 22. maí 1997.

Golfklúbbur Öndverðarness, Grímsnes- og Grafningshreppur, stofnaður 9. apríl 1974.

Hestamannafélagið Háfeti, Þorlákshöfn, stofnað 13. október 1974.

Hestamannafélagið Ljúfur, Hveragerði, stofnað 13. janúar 1961.

Hestamannafélagið Trausti, Grímsnes- og Grafningshreppi, stofnað 20. apríl 1960.

Hnefaleikafélag Suðurlands, Selfossi, stofnað 5. janúar 2004. Hefur lagt niður störf.

Íþróttafélagið Gnýr, Grímsnes- og Grafningshreppi, stofnað 15. maí 1980.
Íþróttafélagið Mímir, Laugarvatni, stofnað 1953. Endurvakið 1977.
Íþróttafélagið Suðri, Selfossi, stofnað 22. febrúar 1986.
Karatefélag Suðurlands, Selfossi, stofnað 17. janúar 2010.
Knattspyrnufélag Árborgar, Selfossi, stofnað 12. nóvember 2000.
Knattspyrnufélagið Ernir Selfossi, stofnað 1987.
Knattspyrnufélagið Fálkinn, Selfossi, stofnað 1988.
Knattspyrnufélagið Ægir, Þorlákshöfn, stofnað 6. desember 1987.
Körfuknattleiksfélagið Fsu, Selfossi, stofnað 25. ágúst 2005.
Skíðafélag Selfoss, stofnað 1980.
Skotfélag Eyrarbakka, stofnað í nóvember 1911.
Skotfélag Hveragerðis, stofnað 1977.
Skotíþróttafélag Suðurlands, Árnessýslu, stofnað 11. apríl 1989.
Skólafélag ÍKÍ, Laugarvatni, stofnað 1982.
Torfæruklúbbur Suðurlands, Hrunamannahreppi, stofnaður 2001.
Ungmennafélagið Bjarmi Sandvíkurhreppi, stofnað 1909. Lagt niður 1911.
Ungmennafélag Gnúpverja hið eldra, stofnað að Ásum 27. desember 1908. Lagt niður þann 23. febrúar 1919.
Ungmennafélag Laugarvatnsskóla, stofnað 1928.
Ungmennafélagið Stígandi Laugavatni, stofnað 1975.

5. Héraðsskjalasafn Kópavogs, stofnað 2000

Umdæmi þess er Kópavogsbær. Í umdæminu hafa starfað og starfa eftirtalin íþróttafélög. Þess ber að gæta að undir hatti Breiðabliks og HK starfa og hafa starfað fjölmargar deildir um iðkun margvíslegra íþróttagreina.

Augnablik, (knattspyrnu- og körfuboltafélag), stofnað 1981.

Breiðablik, Ungmennafélagið Breiðablik, UBK, stofnað 12. febrúar 1950.

Bridgefélag Kópavogs, stofnað 1960.

Bridgefélagið Ásarnir, stofnað út úr Bridgefélagi Kópavogs í september 1969.

Dansfélagið Hvönn, stofnað 21. október 1995.

Dansíþróttafélag Kópavogs, DÍK, stofnað 1. desember 2001.

Fálkar, (íþróttafélag), stofnað 1944, gekk inn í Breiðablik við stofnun þess.¹

Fálkar, Skautafélagið Fálkar, stofnað 20. október 2010.

Gerpla, Íþróttafélagið Gerpla, stofnað 25. apríl 1971.

Glóð, Íþróttafélagið Glóð, Gjábakka, stofnað 24. október 2004.

Golfklúbbur Kópavogs, stofnaður 2. júlí 1990, sameinaður Golfklúbbi Garðabæjar 24. mars 1994.

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar, GKG, stofnaður 24. mars 1994. (Golfklúbbur Garðabæjar var stofnaður 17. apríl 1986.)

Golfklúbburinn Keilir, stofnaður 18. febrúar 1967.

Grís, Knattspyrnufélagið Grís, stofnað 1950 lagt niður 1952 og við tók Svanur.²

Gustur, Hestamannafélagið Gustur, stofnað 11. nóvember 1965.

Hjólamenn, Hjólreiðafélagið Hjólamenn, stofnað 11. nóvember 2004.

HK (Handknattleiksfélag Kópavogs), stofnað 26. janúar 1970.

Hrókurinn, Skákfélagið Hrókurinn, stofnað 1955.³

ÍK, Íþróttafélag Kópavogs stofnað 23. október 1976, sameinað HK 1992.

Íþróttafélag aldraðra Kópavogi (ÍAK), stofnað 27. október 1994.

Ísbjörninn, Knattspyrnufélagið Ísbjörninn, stofnað 2008.

Knattspyrnufélag Kópavogs KK, stofnað fyrir 1970, gekk inn í ÍK við stofnun þess.

Kópar, Skákfélagið Kópar, stofnað 1956.⁴

Skotfélag Kópavogs, stofnað 28. apríl 1988.

Stálúlfur, Íþróttafélagið Stálúlfur, stofnað 10. janúar 2010.

Svanur, Knattspyrnufélagið Svanur, stofnað 1. júní 1952 lagðist niður 1955.⁵

Svifflugfélag Íslands, stofnað 10. ágúst 1936. (Starfar á Sandskeiði sem tilheyrir Kópavogi, er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur, skjöl varðveitt í Borgarskjalasafni).

Taflfélag Kópavogs, stofnað 21. nóvember 1966.

1 Þórður Guðmundsson kennari afhenti Breiðabliki dagbók félagsins fyrir nokkru en í henni voru m.a. úrslit móta. Bókin er nú týnd.

2 1949 Kópavogsskóli 2009. *Húsið á hálsinum. Afmælisrit Kópavogsskóla*. Kópavogi 2009, bls. 13-14.

3 Frímenn Ingi Helgason. „Skák og spilamennska.“ *Minningabók Kópavogsbúa*. Kópavogi 2007. bls. 139-142

4 Frímenn Ingi Helgason. „Skák og spilamennska.“ *Minningabók Kópavogsbúa*. Kópavogi 2007. bls. 139-142

5 1949 Kópavogsskóli 2009. *Húsið á hálsinum. Afmælisrit Kópavogsskóla*. Kópavogi 2009, bls. 13-14.

Tennisfélag Kópavogs, stofnað 4. júní 1991.

Ýmir, Siglingafélagið Ýmir, stofnað 4. mars 1971.

Skjöl frá þremur íþróttafélögum hafa verið afhent Héraðsskjalasafni Kópavogs til varðveislu í sex afhendingum og ein afhending skjala hefur komið frá einstaklingi. Alls 18,0 hillumetrar. Þar af var tvær afhendingar sem bárust í beinum tengslum við átaksverkefnið, samtals 0,089 hillumetrar en von er á skilum fleiri félaga.

(án afh. númera) Íþróttafélagið Gerpla, afh. 23. júní 2005. (0,525 hm)

Ljósmyndir.

28/2005 Blakdeild HK (0,057 hm)

A – Ársskýrslur blakdeildar HK frá upphafi starfsárið 1974-1975 til og með 2003-2004.

45/2005 Valdimar Kr. Valdimarsson vallarstjóri og íþróttastjóri. (0,2 hm)

